



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 51. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 3. febrúar 2016  
og hófst kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Zophonías Ari Lárusson  
Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður  
Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður  
Arnar Þór Sævarsson sveitarstjóri

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

**Dagskrá:**

**1. SSNV - fundargerð stjórnar dags. 12. janúar 2016 - 1601023**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

**2. Félags- og skólaþjónusta A - Hún - fundargerð frá 18. janúar 2015 - 1601018**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

**3. Hafnarsamband Íslands - fundargerð stjórnar dags. 18. janúar 2016 - 1601019**

*Fundargerð lögð fram til kynningar*

**4. Erindi frá Ámundakinn - til hluthafa - 1601008**

*Stjórn Ámundarkinnar ehf. hefur borist tilkynning um sölu SAH Afurða ehf. á öllum hlutabréfum félagsins í Ámundakinn ehf. til Sölufélags Austur - Húnavetninga svf. í 9. gr. samþykktu Ámundakinnar ehf. eru ákvæði um tilhögun viðskipta með hlutabréf í félaginu og hefur stjórnin forkaupsrétt f.h. félagsins og síðar hluthafar. Stjórn Ámundakinnar ehf. samþykkti þann 11. janúar sl. að nýta ekki forkaupsréttinn og er hluthöfum gefinn kostur á að nýta þennan forkaupsrétt.*

*Byggðaráð mun ekki nýta forkaupsréttinn.*

**5. Blönduskóli - erindi frá skólastjóra - 1601010**

*Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri Blönduskóla óskar eftir aukinni starfsheimild allt að 75% til að ráða stuðningsfulltrúa fram til loka maí 2016.*

*Byggðaráð samþykkir erindið.*

**6. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra - umsögn vegna leyfis - 1601011**

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Kristínar Óskar Bjarnadóttur kt. 270476-5039, Sunnubraut 3, f.h. Hafa Gaman ehf um leyfi til að reka veitingastaði í flokki III að Húnabraut 6, 540 Blönduósi.*

*Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og*



staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

Guðmundur Haukur vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.

### 7. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra - umsögn vegna leyfis - 1601012

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Ágústs Sigurðssonar, kt. 050545-2969, Geitaskarði um endurnýjun á leyfi til að reka gististað í flokki I að Geitaskarði, 541 Blönduósi.

Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir byggðaráð jákvæða umsögn.

### 8. Reykjavíkurborg - svar við beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 1601020

Erindið varðar beiðni um skólavist í Blönduskóla.

Fært í trúnaðarbók.

### 9. Blönduósbær - innkaupareglur - 1602002

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti breytingar á innkaupareglum Blönduósbæjar.

Byggðaráð samþykkir áorðnar breytingar.

### 10. Önnur mál

#### Sorphirða á Blönduósi - 1602005

Ágúst Þór, forstöðumaður tæknideildar, mætti á fundinn og gerði grein fyrir sorphirðu á Blönduósi. Jafnframt kynnti Ágúst fyrirkomulag á sorphirðu á Blönduósi sem fyrirhugað er að taka upp í vor.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40**

---

Zophonías Ari Lárusson

---

Guðmundur Haukur Jakobsson

---

Oddný María Gunnarsdóttir

---

Arnar Þór Sævarsson

---